

Sveitarstjórnarfundur 23. apríl 2020

Fimmtudaginn 23. apríl 2020 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 20. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Arnín Óladóttir, Eva K. Reynisdóttir, Halldór Logi Friðgeirsson og Margrét Bjarnadóttir. Oddviti setti fund kl. 20. Oddviti leitar afbrigða, að taka á dagskrá eitt viðbótar erindi: 20) Samhæfingarmiðstöð almannavarna – Covid 19. Afbrigði samþykkt.

Finnur Ólafsson ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá:

Fundargerð sveitarstjórnarfundar 12.3.2020

Fundargerðir nefnda

a. Hafnarnefnd 14.4.2020

Fundargerð Hafnarnefndar frá 14.4.2020. Fundargerðin er í 4 liðum. Liður 1 lagður fram, Liður 2 rætt um að kaup á nýjum löndunarkrana, sem kostar 6.2 milljón án vsk. borið upp og samþykkt. Liður 3. Sveitarstjórn felur oddviti að kanna hvaða aðgerða er hægt að grípa til þess bregðast við bágbornu ástandi rafmangsskúrsins. Liður 4 oddviti falið að senda bréf á Vegagerðina vegna dýpkunnar við höfnina í Kokkálsvík. Samþykkt samhljóða

b. Fræðslunefnd 16.4.2020

Fundargerð fræðslunefndar var í einum lið um ráðningu skólastjóra.

Sveitastjórn samþykkir ráðninguna og felur fræðslunefnd að setja upp ráðningu og starfshlutföllum við grunnskólann á Drangnesi, áður endanleg staðfesting á ráðningu. Borið upp og samþykkt.

Aðrar fundargerðir

c. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) 23.3.2020

Lögð fram til kynningar.

d. Fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhóla 2.4.2020

Lögð fram til kynningar.

Leiðbeiningar SÍS til að virkja ný sveitarstjórnarlög sem heimila fjarfundir sveitarstjórna

Lagt fram til kynningar.

Skýrsla KPMG – Stjórnsýsluskoðun

Lagt fram og rædd. Oddviti falið að bregðast við.

Erindi frá SÍS með ábendingar um aðgerðir á samdráttartímum

Lagt fram til kynningar

Erindi frá SÍS um veitingu afsláttar af greiðsluhlutdeild notenda velferðarþjónustu

Lagt fram til kynningar.

Uppfærsla á áætlun og verklagsreglum Umhverfisstofnunar – Covid 19

Lagt fram til kynningar.

Bréf frá Reikningsskila og upplýsinganefnd, Skrifstofu sveitarf. og byggðamála

Lagt fram til kynningar.

Bréf frá Lögfræði- og velferðarsviðs SÍS um frestun gjalddaga fasteignaskatta

Lagt fram til kynningar og sveitarstjórn ákveður að skoða málið betur, til að bregðast við þeirri stöðu sem komin er upp í fyrirtækjum í sveitarfélaginu.

Umhverfisstofnun Earthcheck – afstaða til endurnýjunar

Sveitarfélagið samþykkir þátttöku í verkefninu.

Erindi Skrifstofu sveitarf. og byggðamála um endurgerð á greiðsluáætlun Jöfnunarsjóðs

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps lýsir yfir undrun sinni á þessum gjörningi á þessu erfiðu tímum. Mikill tekjusamdráttur er framundan hjá sveitarfélögum samhliða auknum útgjöldum vegna covid 19.

Borið upp og samþykkt.

Fjórðungssamband Vestfirðinga – Áætlun og framlög sveitarfélaga 2020

Lagt fram til kynningar.

Bréf frá Höskuldi Búa Jónssyni

Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaðri staðsetningu, en vísar á að umsókn þarf að berast byggingar og umhverfisnefndar um stöðuleyfi.

Borið upp og samþykkt.

Tvö erindi EFS (Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga) – fjárfesting í fjárhagsáætlun

Lagt fram til kynningar.

Fyrirspurn Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um vatnsveitur sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

Erindi frá Skattinum um útsvarshlutfall

Oddvita falið að svara erindi.

Bréf frá Hallfríði F. Sigurðardóttur

Sveitarstjórn tekur heilshugar undir erindi Hallfríðar og felur oddvita að ganga rösklega til verks.

Tillaga um sölu á Grundargötu 9

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa Grundargötu 9 til sölu og kanna áhuga. Sveitarstjórn felur skrifstofustjóra að auglýsa eignina. Sveitarstjórn áskilur sér að rétt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Borið upp og samþykkt.

Upplýsingar frá Samhæfingarmiðstöð almannavarna

Gögn lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 22.30